# Gagna- og gervigreindarvegferð Reykjavíkurborgar

Inga Rós Gunnarsdóttir

# Reykjavíkurborg

- Stærsta sveitarfélagið, 142,636 íbúar (gogn.reykjavik.is)
- 7 Svið
- 40 Skrifstofur
- 150 + Þjónustur beint til íbúa
- 50+ Innri þjónustur
- 400+ Vinnustaðir
- 11000+ Starfsmenn




Reykjavík City 2025 Service Map

# Hvað eru gögn?

- Gögn eru minnsta eining upplýsinga sem hægt er að nota í umræðum, útreikningum og sem inntak í greiningu

- Sett mælanlegra gilda fyrir eitthvað hugtak, tölur, strengir, dagsetningar, myndir o.s.frv.

- Gagn eitt og sér er ekki viðkvæmt

- Gögn sett í samhengi geta verið mjög viðkvæmar upplýsingar



# Gagnapýramídinn



**Virðið í gögnunum okkar fæst ekki úr gögnunum sjálfum heldur sögunni sem þau segja okkur og aðgerðunum sem verða til út frá þeim**

# Það sem fólk hugsar þegar það heyrir “gagnavörur”



Það er ekkert verra en frábær gagnagreining en léleg framsetning.

Ef notendurnir skilja ekki gögnin – hvernig geta þau tekið góðar gagnadrifnar ákvarðanir?



Gagnahlaðborðið

Sögur   Gagnagátt   Um Gagnahlaðborðið

# Velkomin á Gagnahlaðborðið!

Langar þig að skilja borgina þína betur? Á Gagnahlaðborðinu finnur þú opin gögn á vegum Reykjavíkurborgar sem hægt er að nýta bæði til gagns og gamans. Góða skemmtun!



## Efst á baugi









Gögn og stafrænt aðgengi að þeim **stuðlar að samfélagslegri inngildingu fyrir öll**, óháð aldri, kyni, þjóðerni eða samfélagslegri stöðu.

# Gervigreind gerir ekkert án gagna

Data is intellect.

You cannot function beyond your data.

Sadhguru



Intelligence is what you do with your data.



# Tilmæli um notkun gervigreindar hjá Reykjavíkurborg

# Hvernig gerum við tilmæli fyrir borgarstarfsemi þegar..

- Leik- og grunnskólar
- Götuhreinsanir
- Snjómokstur
- Sorphirða
- Byggingar og skipulag
- Lista- og bókasöfn
- Velferðarþjónusta og gistiskýli
- Sundlaugar
- Skíðasvæði
- Þjónustumiðstöðvar
- Og svo miklu meira!







# Þjónustustefnan höfð í forgrunni

- Við þurftum að búa til sameiginlegt markmið fyrir alla borgina:
- *Við viljum gera líf íbúa betra og veita framúrskarandi þjónustu*
- Ekki bara gervigreind fyrir gervigreind, þarf að vera gott fyrir fólk og bæta skilvirkni og þjónustu




Þjónustustefna Reykjavíkurborgar
Gervigreindarstefna Evrópusambandsins
Öryggisflokkun gagna íslenska ríkisins
Gervigreindartilmæli Reykjavíkurborgar

# Mikilvægt að hafa í huga

- Gott fyrir fólk, skiljanlegt og öruggt
- Persónuvernd og öryggi gagna
- Réttlæti, réttmæti og gagnsæi
- Fólk viti hvenær það á í samskiptum við gervigreind
- Gervigreind tekur aldrei ákvarðanir sem varða réttindi borgara

# Mikilvægt að hafa í huga

Það skiptir máli að verja viðkvæm gögn

Reykjavíkurborg telur mikilvægt að fylgja stefnu ríkisins varðandi öryggisflokkun gagna

# Öryggisflokkar ríkisins

| | |
|---|---|
| Opin gögn | Ópersónugreinanleg gögn eða gögn sem eru opin til notkunar og endurnotkunar. Svo gögn teljist opin þurfa þau að vera tiltæk án umsókna / beiðna og vera aðgengileg óháð tíma. |
| Varin gögn | Öll gögn önnur en „opin gögn“ sem eru hluti af daglegum rekstri ríkisaðila |
| Sérvarin gögn | Gögn sem vegna tímasetninga eða innihalds sem geta valdið víðtæku og langvarandi tjóni fyrir hópa einstaklinga, lögaðila eða ríkisaðila. |
| Afmörkuð gögn | Gögn sem eru viðkvæm fyrir samfélagið í heild eða stöðu þjóðarinnar á alþjóðavettvangi. |

# Tilmæli Reykjavíkur

| Flokkur | Samþykki? | Öryggis-flokkur | Áhættu-flokkur | Notkun | Mikilvægt að hafa í huga |
|---|---|---|---|---|---|
| **1. Opin notkun** | Nei | **1** | **Lítil** | **Opin gervigreindartól**. Aðeins birt efni frá borginni sem er aðgengilegt almenningi – greinar, fundargerðir og opin gögn. | Ekki má nota afurðir frá þessum tólum (t.d. myndir) í formlegt kynningarefni borgarinnar. Höfundarréttarvarið efni eins og tónlist, myndir og gagnasöfn skal umgangast með varúð. |
| **2. Varin notkun** | Já | **2** | **Takmörkuð** | **Gervigreindartól sem samþykkt eru fyrir innri starfsemi borgarinnar** (t.d. Copilot, spjallmenni, stafrænt vinnuafl o.fl.). Þessi tól þurfa alltaf að fara í gegnum áhættumat og mat á persónuvernd. | Mikilvægt er að fólk viti alltaf þegar það á í samskiptum við gervigreind. Ekki má nota viðkvæmar persónugreinanlegar upplýsingar. Þessi tól má ekki nota til að meta nemendur, yfirfara atvinnuumsóknir eða taka ákvarðanir um borgarstarfsemi. |
| **3. Sérvarin notkun** | Já | **3** | **Mikil** | **Gervigreindartól sem þurfa aðgang að viðkvæmum gögnum verða að fylgja ströngum reglum.** Þau þurfa að fara í gegnum áhættumat, skráningu, ítarlegt mat á persónuvernd, gagnsæismat og vera undir ströngu eftirliti. Borgin þarf sérstaklega að samþykkja öll tól í þessum flokki. | Ákvörðunartaka og hvernig tól komast að niðurstöðu þarf að vera þekkt og auðskiljanleg fyrir alla sem málið varðar. Má aðeins nota með ströngu eftirliti og mannlegu aðhaldi. Tól þurfa að vera þjálfuð á réttum gögnum sem eru í eigu borgarinnar. |
| **4. Bönnuð notkun** | N/A | **4** | **Óásættanleg** | **Öll gervigreindartól sem teljast ógn við öryggi, lífsgæði eða réttindi einstaklinga eru bönnuð.** | Dæmi: Félagsleg stigagjöf, áhættumat eða spá um refsiverða háttsemi, myndgreiningargagnasöfn úr netinu, stækkun andlitsgreiningargagnagrunna, tilfinningagreining í skólum, rauntíma andlitsgreining á opinberum stöðum. |

# Til einföldunar



**Virðið í gervigreindinni fæst ekki úr gervigreindinni sjálfri heldur gögnunum sem eru notuð til að þjálfa hana á og þeim aðgerðunum sem hún framkvæmir út frá þeim**



# Takk!